

Stjórnarfundur KSÍ 31. janúar 2019

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Tillaga að breytingu á grein 18.3.

Breytingar á grein 18.3.

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstríkað**

Lagt er til að grein 18, sem er svohljóðandi:

18. gr.

Félagaskiptagjald

- 18.1. Leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, getur ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum. Eftir að samningur rennur út skulu félagaskiptin hlíta ákvæðum þessarar greinar. Sömu ákvæði gilda í þessari grein um leikmannssamninga og sambandssamninga.
- 18.2. Geri leikmaður samning við félag í fyrsta sinn, á því almanaksári sem leikmaðurinn verður 23 ára eða fyrr þá skal það félag greiða gjald til þeirra félaga er leikmaðurinn hefur leikið með frá og með því almanaksári er leikmaðurinn var 12 ára til og með því almanaksári er leikmaðurinn verður 23 ára. Gjaldið skal nema kr. 200.000,- þegar um leikmannssamning er að ræða og kr. 100.000,- þegar um sambandssamning er að ræða og skiptist á milli félaganna í hlutfalli við þau keppnistímabil er leikmaðurinn hefur leikið með viðkomandi félögum, skv. töflu þeirri er fram kemur í ákvæði 20.2.2.
- 18.3. Ef leikmaður, sem hefur verið samningsbundinn, en þeim samningi er lokið, gerir samning við nýtt félag á því almanaksári sem að leikmaðurinn verður 23 ára eða fyrr, skal það greiða fyrra félaginu, sem hann var samningsbundinn við, félagaskiptagjald fyrir, í samræmi við ákvæði 18.2.
- 18.4. Félag skal standa skil á félagaskiptagjöldum áður en félagaskipti taka gildi. Ef slík krafa myndast ekki fyrr en síðar, skal viðkomandi félag standa skil á félagaskiptagjöldum innan eins mánaðar frá því að krafan myndast. Skal miðað við dagsetningu undirritunar samnings. Félagi, sem verður uppvíst að því að brjóta þessar reglur til að komast hjá greiðslum, skal skylt að greiða áfallnar greiðslur með hæstu dráttarvöxtum frá þeim tíma sem greiðslan gjaldféll og KSÍ sömu upphæð í sekt.
- 18.5. Þegar leikmaður skiptir um félag milli félaga innanlands, skal skráningargjald fylgja tilkynningu um félagaskipti til skrifstofu KSÍ. Sama gjald greiðist við félagaskipti til landsins.
- 18.6. Til að félag haldi rétti sínum til félagaskiptabóta, skv. gr. 18.2, skal það hafið boðið leikmanninum leikmannssamning með sannanlegum hætti eigi síðar en á því almanaksári sem að leikmaðurinn verður 19 ára eða sambandssamning í þeim deildum þar sem ekki er heimilt að gera leikmannssamning.

verði svohljóðandi:

18. gr.

Félagaskiptagjald

- 18.1. Leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, getur ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum. Eftir að samningur rennur út skulu félagaskiptin hlíta ákvæðum þessarar greinar. Sömu ákvæði gilda í þessari grein um leikmannssamninga og sambandssamninga.
- 18.2. Geri leikmaður samning við félag í fyrsta sinn, á því almanaksári sem leikmaðurinn verður 23 ára eða fyrr þá skal það félag greiða gjald til þeirra félaga er leikmaðurinn hefur leikið með frá og með því almanaksári er leikmaðurinn var 12 ára til og með því almanaksári er leikmaðurinn verður 23 ára. Gjaldið skal nema kr. 200.000,- þegar um leikmannssamning er að ræða og kr. 100.000,- þegar um sambandssamning er að ræða og skiptist á milli félaganna í hlutfalli við þau keppnistímabil er leikmaðurinn hefur leikið með viðkomandi félögum, skv. töflu þeirri er fram kemur í ákvæði 20.2.2.
- 18.3. Ef leikmaður, sem hefur verið samningsbundinn, en þeim samningi er lokið, gerir samning við nýtt félag á því almanaksári sem að leikmaðurinn verður 23 ára eða fyrr, skal það greiða fyrra félaginu, sem hann var samningsbundinn við, félagaskiptagjald fyrir, í samræmi við ákvæði 18.2., **enda hafi það félag er leikmaðurinn var síðast samningsbundinn við, boðið leikmanninum nýjan samning með sannanlegum hætti a.m.k. 60 dögum áður en að síðasti samningur rann út. Slíkt samningstilboð þarf að vera a.m.k. jafnmikils virði fyrir leikmanninn og sá samningur sem var að renna út. Hafi ekkert slíkt tilboð legið fyrir, kemur ekki til greiðslu félagaskiptagjalds skv. ákvæði 18.2.**
- 18.4. Félag skal standa skil á félagaskiptagjöldum áður en félagaskipti taka gildi. Ef slík krafa myndast ekki fyrr en síðar, skal viðkomandi félag standa skil á félagaskiptagjöldum innan eins mánaðar frá því að krafan myndast. Skal miðað við dagsetningu undirritunar samnings. Félagi, sem verður uppvíst að því að brjóta þessar reglur til að komast hjá greiðslum, skal skylt að greiða áfallnar greiðslur með hæstu dráttarvöxtum frá þeim tíma sem greiðslan gjaldféll og KSÍ sömu upphæð í sekt.
- 18.5. Þegar leikmaður skiptir um félag milli félaga innanlands, skal skráningargjald fylgja tilkynningu um félagaskipti til skrifstofu KSÍ. Sama gjald greiðist við félagaskipti til landsins.
- 18.6. Til að félag haldi rétti sínum til félagaskiptabóta, skv. gr. 18.2, skal það hafið boðið leikmanninum leikmannssamning með sannanlegum hætti eigi síðar en á því almanaksári sem að leikmaðurinn verður 19 ára eða sambandssamning í þeim deildum þar sem ekki er heimilt að gera leikmannssamning.

Greinargerð:

Um er að ræða tillögu að breytingu sem unnin var af Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ eftir yfirferð nefndarinnar á núgildandi reglugerð. Það er mat nefndarinnar að grein 18 endurspegli ekki skýrlega markmið þeirra breytinga sem urðu á reglugerðinni í maí árið 2016. Markmið þeirra breytinga var m.a. að til þess að viðhalda rétti til greiðslu á félagaskiptabótum þá þurfi að bjóða leikmanni nýjan samning með sannanlegum hætti a.m.k. 60 dögum áður en að síðasti samningur rann út. Slíkt samningstilboð þarf að vera a.m.k. jafnmikils virði fyrir leikmanninn og sá samningur sem var að renna út. Hafi ekkert slíkt tilboð legið fyrir, kemur ekki til greiðslu félagaskiptagjalds skv. ákvæði 18.2.

Laga- og leikreglanefnd KSÍ veltir því þó upp hvort að 60 daga tímaramminn kunni að þykja of langur. Þ.e. hvort eðlilegt sé að gera kröfu um að öll félög geri upp hug sinn hvað varðar áframhaldandi samninga ungra leikmanna sinna 60 dögum áður en samningar þeirra renna út.

Nefndin nefnir í því ljósi hvort 30 dagar séu nægilegir og meira til þess fallnir að þjóna íslenski knattspyrnu.